



FRÉTTIR

■ Sólveig Pétursdóttir, dómsmálaráðherra:

Umferðarhraðinn verði minnkaður

■ Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnafulltrúi VÍS:

Forvarnir virka

■ Núpi BA 69 náð á flot:

Hundrað tíma vakt

■ Rýmingaræfing á leikskóla:

Heilmikið fát og fum

■ Gísli Marteinn Baldursson um tryggingar:

Vil hafa allt mitt á þurru

■ Hvers virði er innbúið?

Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur metur eigur sínar



TAKTU ÞÁTT Í FERÐAGETRAUN VÍS

Svaraðu þessum spurningum á svarseðli á baksíðu blaðsins og sendu til VÍS í Ármúla 3, 108 Reykjavík fyrir 25. apríl n.k.

- Hvað hafa margir sótt umferðarfundi VÍS frá upphafi?
- Hver eru 3 algengustu tjön á heimilum?

Vinningur er utanlandsferð fyrir fjölskylduna í 2 vikur að verðmæti 265.000 kr.

Svörin við spurningunum er að finna í efni blaðsins. Haft verður samband við vinningshafa símeiðis og nafn hans birt á vefsvæði VÍS. Vinnings skal vitja fyrir 7. apríl 2003.



SLYSA-ALDA

í umferðinni á nýju ári

Hryllileg tíðindi úr umferðinni hafa skolið á landsmönnum það sem af er þessu ári. Þegar þetta er ritað hafa níu manns látist í umferðinni. VÍS leitaði til Jóns Baldurssonar, yfirlæknis Slysa- og bráðadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss og Sólveigar Pétursdóttur dóms- og kirkjumálaráðherra og leitaði eftir viðbrögðum við þessum válegu tíðindum.



Árið í ár byrjar mjög illa

- segir Jón Baldursson, yfirlæknir Slysa- og bráðadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss

■ „Það hefur ekki verið breyting í mynstri umferðarslysa á undanförunum árum,“ segir Jón Baldursson, yfirlæknir Slysa- og bráðadeildar Landspítala-Háskólasjúkrahúss. „Það sem stendur upp úr í rannsóknum, sem aðallega hafa farið fram á vegum Rannsóknarnefndar umferðarslysa, er að alvarlegustu slysin stafa af einhverju af þessu þrennu: Beltisleysi er atriði númer eitt, ölvunarakstur er í öðru sæti og hraðakstur er í því þriðja. Ég hef heyrt óánægjuraddir sem segja að það sé ekkert nýtt í þessu. Það er hins vegar útaf fyrir sig nokkuð alvarlegt mál ef þetta er ekkert nýtt.“

UMFERÐARSLYSIN ERU ALVARLEGUST

■ Hver er hlutur umferðarslysa í heildarkomufjölda?
 □ „Við erum með þetta tæplega 3.000 umferðarslys af 50.000 komum þannig að umferðarslysin eru ekki stór hluti af heildarkomufjölda. Þau eru hins vegar mjög stór hluti af alvarlegum slysum og vissulega stór hluti af okkar aðsókn. Það var toppur árið 2000 sem mönnum þótti ugðvænlegur. Árið í ár byrjar mjög illa.“

Jón heldur áfram: „Af komum á Slysa- og bráðadeild eru 60-70% vegna slysa í heimahúsum sem eru yfirleitt ekki mjög alvarleg. Umferðarslys eru álíka mörg og íþróttaslys en yfirleitt miklu alvarlegri.“

■ Eru einhverjar sveiflur í umferðarslysum, eftir til dæmis veðri eða árstíðum?
 □ „Það er ekki stór munur. Þó má segja að það sé aðeins meiri aðsókn hvað varðar slys almennt á sumrin. Annars er dreifingin nokkuð jöfn yfir árið.“

■ Hvað með dánartölur úr umferðarslysum? Getur verið að framfarir í læknisfræði valdi því að fleiri lifi nú en áður en mikið slasaðir?
 □ „Menn hafa velt því fyrir sér hvort nú sé haldið lifinu í fleiri slösuðum í lengri tíma. Á þessu hefur engin rannsókn farið fram á Íslandi. Ég hef þó heyrt eitthvað í þessa veru frá öðrum löndum.“

■ Hvað með aðstandendur þeirra sem lenda í umferðarslysum. Sinnið þið þeim eitthvað?
 □ „Við veitum aðstandendum oft fyrstu hjálpinu, bæði almennan stuðning og áfallahjál. Það hefur í mörg-

um tilvikum verið þakksamlega þegið og mælst vel fyrir. Þessi alvarlegu slys hafa áhrif á mjög stóran hóp. Það er mikilvægt að munað sé eftir því.“

GRASRÓTARHREYFING MEÐAL ALMENNINGS

■ Þú átt einnig sæti í Rannsóknarnefnd umferðarslysa og hefur mikið velt þessum málum fyrir þér. Hvernig er hægt að fækka slysum?
 □ „Erlendar rannsóknir hafa sýnt að það nást ekki teljandi áhrif nema samspil margra þátta komi til. Fyrir utan fræðslu og áróður þarf að koma til löggæsla með viðurlögum og eftirfylgd. Til viðbótar þessu þarf svo að koma grasrótahreyfing meðal almennings. Það er mikilvægt að muna að ábyrgðin er líka þar.“

■ Nú eru margir af þeim sem slasast illa ungir ökumenn. Væri það hugmynd að leyfa þeim að sjá afleiðingar alvarlegra umferðarslysa, veita þeim eins konar sjökkmeðferð?
 □ „Það er fátt sem bendir til að það hjálpi. Hraðsluáróður hefur ekki sýnt sig að virka gegn reykingum. Sumir segja að jákvæði áróðurinn sé gagnlegri og það er fróðlegt útaf fyrir sig.“

VÍS á markað

Afkoma félagsins var góð á síðasta ári og varð töluverður bati í tryggingarekstrinum frá fyrra ári. Staða félagsins er því sterk og það vel í stakk búið til að sinna breytilegum þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga, fjölskyldna og atvinnulífs.

Þjónustuskrifstofur VÍS um land allt hafa aðgang að öflugum samhengdu tölvu- og upplýsingakerfi. Aukin ábyrgð á daglegum rekstri þeirra hefur nú verið flutt til viðkomandi landshluta. Er þetta gert í þeim tilgangi að veita betri, fljótvirkari og hagkvæmari þjónustu við viðskiptavini félagsins og er liður í stefnu VÍS að vera áfram leiðandi á sviði vátryggingaþjónustu um land allt.

Nýlega jók VÍS eignarhluta sinn í Líftryggingafélagi Íslands, LÍFIS, í 25%, en allmikill vöxtur hefur verið undanfarnin ár á sviði líftrygginga. Sameiginlega bjóða félagin viðskiptavinum sínum alhliða vátryggingavernd auk annarrar fjármálaþjónustu á eigin vegum og frá samstarfsaðilum.

Heildstætt þjónustuframboð af þessu tagi hentar viðskiptavinum vel og stuðlar að hagkvæmari rekstri þjónustuaðilanna.

Hluthafar VÍS eru nú tæplega sex hundruð og þar á meðal eru flestir starfsmanna félagsins. Stefnt er að

því að VÍS verði almenningshlutafélag í dreifðri eign fólks og fyrirtækja um land allt. Unnið er að undirbúningi skráningar hlutabréfa félagsins á markaði á þessu ári. Gert er ráð fyrir að stærstu hluthafarnir selji af hlutafjáreign sinni til að tryggja aukna dreifingu eignarhluta og í beinu framhaldi verði sótt um skráningu hlutabréfa á Verðbréfabæing Íslands. Þetta markar þáttaskil í sögu félagsins. Skráning hlutabréfa og frjáls viðskipti með þau á Verðbréfabæing, getur styrkt ímynd og markaðsstöðu fyrirtækisins og verðmyndun hlutabréfanna verður skýrari. Þá getur skráning á markaði verið þýðingarmikill þáttur í því að skapa aukinn sveigjanleika í framþróun starfseminnar, hvort sem er til beinnar fjármögnunar stórra verkefna eða til að skapa önnur samstarfs- eða vaxtartækifæri í framtíðinni.

Þrátt fyrir þessar breytingar mun VÍS starfa áfram á þeim grunni að velgengni félagsins byggir á góðri þjónustu við viðskiptavini og að það uppfylli væntingar þeirra til félagsins á öllum þeim sviðum sem það starfar á.

Gleðilegt sumar!

Axel Gíslason, forstjóri



■ Þegar þetta er ritað hafa 9 manns þegar látist í umferðinni. Hvað finnst þér um þessi tíðindi?
 □ Hér að sjálfsgöðu um skelfileg tíðindi að ræða. Tjón samfélagsins af umferðarslysum er gífurlegt og bak við hvert slys er mannlegan harmleik að finna.

DRAGA ÞARF ÚR ÖKUHRAÐA

■ Meirihluti banaslysa verða úti á þjóðvegum landsins (Skv. skýrslu Rannsóknar-

nefndar umferðarslysa). Hvernig telur þú að best sé að stemma stigu við þessu?
 □ Það er satt að meirihluti banaslysa verður á vegum utan þéttbýlis.
 □ Fyrir liggur að stór hluti ökumanna ekur mun hraðar en lög leyfa. Ljóst er því að til þess að fækka alvarlegustu slysum þarf með öllum tiltækum ráðum að draga úr ökuhraða. Því markmiði má fyrst og fremst ná með markvissum áróðri og fræðslu, samhliða skipulögðu eftirliti lögreglu.

Umferðarhraðinn verði minnkaður - með öllum tiltækum ráðum

Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra

□ Ríkislögreglustjórinn, Umferðarráð og Vegagerðin hafa nýlega gert með sér samning um árangursstjórnun til þess að koma í veg fyrir umferðarslys, þar sem áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð í eftirliti og fræðslu. Í samningnum er m.a. fjallað um að auka þurfi skilning almennings á því að halda hraða innan eðlilegra marka og stuðla þurfi að því að ökumenn sjái enn betur augljósa kosti þess að fylgja lögum.

□ Ríkislögreglustjórinn, Vegagerðin og lögreglustjórar á Suð-Vesturlandi hafa einnig undirritað samninga um auknið eftirlit á Reykjanesbraut, Suðurlandsvegi og á Vesturlandsvegi. Í kjölfar þeirra samninga hefur hvoru tveggja verið beitt, sýnilegri löggæslu merktra lögreglubifreiða og notkun myndavéla til að ná til þeirra sem aka yfir leyfðum hraða. Í því sambandi má og geta hraðamyndavéla sem Spölur hf. lagði til í Hvalfjarðargöngin og lögreglan í Reykjavík hefur haft umsjón með. Hafa þær þegar sannað ágæti sitt á þann hátt að mikið hefur dregið úr hraðakstri í Hvalfjarðargöngunum.

□ Það sem mestu máli skiptir til að ná settum markmiðum er auknið samstarf þeirra aðila sem þessum málum tengjast. Það á m.a. við um lögreglu, Vegagerðina, Umferðarráð, frjáls félagsamtök og almenning í landinu.

□ Samstarf við tryggingafélagin er einnig mikilvægt enda leggja þau mikið af mörkum til þess að efla umferðaröryggi. Fólk þarf að öðlast vitneskju um eðli og afleiðingar hraðaksturs og hættulegs framúraksturs á vegum landsins. Meðal þess sem starfshópur um ferðaröryggisáætlun til ársins 2012 hefur lagt til er að reynt verði í tilraunaskyni að hafa lögleyfðan hámarkshraða á tilteknum vegum landsins minni að vetrarlagi.

HRAÐAMYNDAVÉLAR SKILA ÁRANGRI

□ Starfshópurinn lagði einnig til að hámarkshraði verði betur samræmdur inn og út úr þéttbýlisstöðum um allt land og einum aðila falið að annast það samræmingarhlutverk. Í könnun sem Gallup á Íslandi vann í nóvember og desember 2001 um ýmsa þætti um-

ferðaröryggismála kom m.a. fram að 74% aðspurðra lýstu sig hlynnt aukinni notkun hraðamyndavéla til að koma í veg fyrir hraðakstur. Jafnframt kom fram að 83% þeirra sem spurðir voru lýstu stuðningi við að lögleyfður hámarkshraði verði minnkaður á vegum að vetrarlagi.

■ Skv. metnaðarfullri umferðaröryggisáætlun stjórnvalda til ársins 2012 á að fækka umferðarslysum um 40%. Hvernig er ætlunin að ná því markmiði?

□ Í skýrslu starfshóps sem vann að umferðaröryggisáætlun 2002 til 2012, eru margar tillögur um aðgerðir sem vinna þarf að á tímabilinu. Tillögurnar eru m.a. um skilvirkari skipan umferðaröryggisstarfsins, um ökuhraða, bílbelti og öryggisbúnað, um ökunám og öruggeri ökumenn, um áfengi, lyf og þreytu, um öruggeri vegi og um auknar forvarnir og löggæslu. Með tillögnum fylgdi tímasett aðgerðaáætlun. Ég á von á að með samstarfi allra aðila og stuðningi fjárveitingavaldsins muni takast að hrinda í framkvæmd þessum margháttuðu aðgerðum.

Hafðu samband við VÍS í síma 560 5000 eða komdu á www.vis.is

VÍS FRÉTTIR

Útgefandi: Vátryggingafélag Íslands
 Ritstjórn: Gerður Björk Guðjónsdóttir
 Ábyrgðarmaður: Eggert Á. Sværnisson
 Ljósmyndir: Vigfús Birgisson
 Uppsetning: Fíton/Inntak
 Prentun: Oddi

F Plus

F plus tryggingatökur eru tryggðir á ferðalögum erlendis í allt að 92 daga með ferða- og sjúkra-tryggingu. Engin sjálfsábyrgð er í erlendum sjúkrakostnaði

Á ferðalögum erlendis eru börn yngri en 16 ára tryggð í fylgd foreldra þó svo að lögheimili sé ekki á sama stað.

Hvernig tryggir VÍS þig?

F plus viðtæku fjölskylduþryggingunni eru allir fjölskyldumeðlimir tryggðir í frítíma sínum.

Börn yngri en 16 ára eru tryggð vegna undirbúnings og keppni í íþróttum.

F plus tryggingatökur fá alla afslætti strax.

Þryggingar á þínu 300 gjaldveitingum

Lífis sjúkdómatrygging tryggir þér bætur ef þú greinist með alvarlegan sjúkdóm. Þú ákveður vátryggingafjárhæðina og færð hana greidda út í einu lagi, ef þú greinist með einhvern þeirra alvarlegra sjúkdóma sem tryggingin nær til eða ferð í aðgerð vegna þeirra.

Lífis sjúkdómatrygging tryggir þér bætur ef þú greinist með alvarlegan sjúkdóm. Þú ákveður vátryggingafjárhæðina og færð hana greidda út í einu lagi, ef þú greinist með einhvern þeirra alvarlegra sjúkdóma sem tryggingin nær til eða ferð í aðgerð vegna þeirra.

Þú færð Lífis tryggingar hjá VÍS og Landsbankanum.



Forvarnir virka

■ Ungt fólk á aldrinum 17-25 ára myndar stærsta áhættuhópinn í umferðinni. Hundruð ungmenna á þeim aldri slasast alvarlega í umferðarslysum á hverju ári. VÍS hefur um árabil unnið skipulegt forvarnastarf með þessum hópi og samanburðartölur sýna að það ber greinilegan árangur.


■ Árið 1995 fór forvarnafulltrúi VÍS fyrstu hringferðina um landið og hélt umferðarfundi sem lið í forvarnarstarfi fyrir unga öikumenn. Sjö árum síðar hafa vel á annað þúsund fundir verið haldnir og um 26 þúsund ungmenni hafa sótt þá. **Samanburðartölur frá VÍS sýna að ungmenni úr röðum viðskiptavina VÍS, sem sótt hafa umferðarfundi, valda að meðaltali 26% færri slysum og óhöppum en jafnaldrar þeirra.**

□ „Ég held að árangur fundanna sé góður vegna þess að við leggjum áherslu á að bjóða upp á gott efni. Við predikum ekki, við sýnum þeim staðreyndir,“ segir Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnafulltrúi. „SEM samtökin hafa reynst okkur ómetanlegur styrkur og einstaklingar frá þeim hafa komið á fundina og farið með okkur um landið. Við höfum einnig unnið með Umferðarráði, sjúkraflutningamönnum RKÍ, lögreglu, Áhugahópi um bættu umferðarmenningu, UMFÍ, KSÍ og Grensásdeildinni. Í upphafi voru fundirnir skipulagðir í samvinnu við Íþróttafélögin og síðar Félag framhaldsskólanema en núna hringja kennarar líka í okkur og biðja um þessa fundi sem þátt í lífsleiknámum.“

□ Efni fundanna hefur fallið í mjög góðan jarðveg vegna þess að það er

metnaður okkar að bjóða upp á áhrifaríkt og gott efni sem vekur athygli unga fólksins – enda leitum við ráða hjá því sjálfu varðandi efnistöð. Þessi þjóðfélagshópur er afar kröfuharður þegar kemur að umferðarfræðslu og er fljótur að láta til sín heyra ef honum líkar ekki efnið sem boðið er upp á.“

■ **Súluritið sýnir fækkun umferðaróhæppa meðal yngstu viðskiptavina VÍS.**



■ Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnafulltrúi VÍS

ALGENGUSTU TJÓN Á HEIMILUM

VATNSTJÓN

1. Lagnakerfi gefur sig og vatn veldur skemmdum. Helsta ástæðan er tæring á rörum sem falin eru í veggjum.
2. Vatnstjón af völdum uppþvottavéla og venjulegra þvottavéla. Helsta ástæður eru morknar slöngur og þéttingar sem gefa sig.
3. Vatnstjón vegna yfirfalls í baðherbergi eða í eldhúsi. Helsta ástæðan er sú að vatn flæðir upp úr sturtubotni, baðkari eða vaski.

BRUNATJÓN

1. Eldur sem tengist eldamennsku, oftast á eldavel. Helsta ástæðan er sú að fólk fylgist ekki nægilega vel með eldamennskunni.

2. Eldur vegna kerta og kerta-skreytinga. Helsta ástæðan er kæruleysi, kertin brenna niður eða að þau eru staðsett of nálægt eldsmat, t.d. gluggatjöldum.
3. Eldur sem kviknar í rafmagnstækjum. Helsta ástæðan er sú að fólk rýfur ekki strauminn af tækjunum og hreinsar ekki ryk sem safnast innan í þeim.

INNBRÖT

1. Innbrot á heimili þar sem þeim verðmætum er stolið sem auðvelt er að koma í verð.
2. Innbrot í geymslur, bílskúra og sumarhús. Ganga þarf vel frá læsingum.
3. Innbrot í bíla. Helsta ástæðan er sú að fólk skilur sýnileg verðmæti eftir í bílunum.



Myndi ekki vilja vera sautján að taka þetta próf Bílpróf VÍS á www.vis.is

■ Á www.vis.is er meðal annars að finna stórskemmtilegt bílpróf, samþærilegt við skriflega prófið sem lagt er fyrir þá sem sækja um íslenskt ökuskrírteini. Í prófinu eru 460 spurningar um umferðina og bifreiðina sem allir sem á annað borð aka um göturnar ættu að geta svarað.

■ **VÍS FRÉTTIR** fengu aksturspróttakappann Birgi Bragason og eiginkonu hans Jóhönnu Vilhjálmsdóttur, annan umsjónarmann Íslands í bítið, til að taka prófið. Þau hjónin eru greinilega mikið keppnisfólk og má segja að það hafi gneistað á milli þeirra á meðan þau tóku prófið.

□ Jóhönnu gekk ágætlega, náði 82 stigum, var með átta villur. „Ég tók bílpróf árið 1988. Ég var svo heppin að afi var með réttindi til að kenna á bíl og var ég mjög dugleg að „snatta“ með afa um bæinn. Ég tók af þessum sökum a.m.k. 50 ökutíma, ef bíltúrar okkar afa eru taldir með. Þar af leiðandi gekk mér ljómandi vel á prófinu, brá að vísu í brún þegar ég sá að prófdómari á verklega prófinu var maður sem gekk undir nafninu „Fallöxin“. Mig minnir að hann hafi látið mig bakka tíu sinnum inn í stæði. Skriflega prófið gekk einnig prýðilega, af prófinu á vis.is að dæma hefur það verið

þyngt í millitíðinni, því þetta reynir virkilega á mann.“

□ Birgir náði prófinu með sóma, gerði fjórar villur og fékk 86 stig. „Ég tók bílprófið árið 1974. Ég verð að játa að ég myndi ekki vilja vera sautján að taka þetta skriflega próf. Þetta er ekki fyrir þá sem fara hratt yfir, margar gildir verða á vegi manns rétt eins og í umferðinni. Það er aðalatriðið að hafa hugann við aksturinn því ef ekki þá fer illa.“

Bílpróf VÍS er inni á www.vis.is undir liðnum forvarnir.



■ Karl S. Óskarsson, sölustjóri hjá B&L

Lærðu að keyra eins og maður

■ Í vor verður akstursþjálfun hjá B&L á vegum ökuskóla BMW, sem er mjög framarlega á því sviði. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt námskeið er haldið hjá B&L og er það í samvinnu við Popp Tívi og VÍS.

□ „Við viljum meðal annars vekja athygli ungs fólks á því hvað akstursskilyrði geta verið erfið. Krakkarnir reyna sig við að bremsa í bleytu, aka í hálfu og á milli súlna,“ segir Karl S. Óskarsson, sölustjóri hjá B&L. Karl á þó ekki von á að bílarnir skemmist við atganginn enda er leiðbeinandi, Rauno Aaltonen frá Finnlandi, einn þekktasti ökuþjálfari BMW skólans.

□ Hópur íslenskra ungmenna hélt síð-

astliðið sumar utan í akstursþjálfun hjá ökuskóla BMW í Suður-Þýskalandi. Þættir um ferðina hafa verið sýndir á Popp Tívi. Þeir kallast „Lærðu að keyra eins og maður“ og hafa vakið talsverða athygli. Vegna fjölda fyrirspurna um skólann ákvað B&L í samráði við Popp Tívi og VÍS að halda námskeið hér á landi og fá leiðbeinanda úr þessum þekktu ökuskóla.

□ VÍS gefur fjórum þátttakendum á umferðarfundum félagsins kost á að taka þátt í ökuskólanum. Allir sem mæta á umferðarfundi VÍS fram að námskeiðinu fara sjálfkrafa í pott sem dregið verður úr. Popp Tívi gerir þátt um keppnina og sýnir hann á sjónvarps-

stöðinni. Efni frá keppninni verður einnig nýtt sem fræðsluefni á umferðarfundum VÍS.

□ Með því að taka þátt í þessu verkefni gefst VÍS kostur á að fylgjast með ungmönnum takast á við ýmsar akstursþrautir við erfiðar aðstæður þar sem fyllsta öryggis er gætt. VÍS bindur vonir við að með þátttökunni í ökuskóla BMW fái ungmennin tilfinningu fyrir hraðanum, sem er einn verstí óvinur ungra öikumanna og helsti slysavaldurinn. Reyntslan af námskeiðinu mun nýtast við fræðsluna á umferðarfundunum.

□ Reiknað er með að hátt á þriðja hundrað manns komist í ökuþjálfun og hafa BMW eigendur forgang.

HAFÐU SAMBAND VIÐ OKKUR

www.vis.is

Þjónustustaðir VÍS eru á 60 stöðum víðsvegar um landið

Tryggingaráðgjöf í síma 560 5000 8:00-19:00 alla virka daga



Vinnuvélar voru fluttar af Kleifaheiði.



Það var mikil vinna að þetta Núp.

Hundrað tíma vakt

Vel gekk að ná Núpi BA 69 á flot eftir strand:

■ Þegar skip strandar fer samstundis mikil vinna af stað innan tryggingafélags þess eins og lesa má í þessari frásögn.

□ „Línuskipið Núpur BA-69 strandaði um sjöleytið að morgni hins 10. nóvember á síðasta ári. Skipið strandaði utanvert við Yxnhamar, sem er rétt utan við byggðina á Patreksfirði, heimahöfn Núps. Skipið var váttryggt hjá VÍS og okkur bárust fréttir af slysinu þegar haft var samband við Agnar Óskarsson, deildarstjóra okkar í sjótryggingum skömmu eftir strandið. Við Agnar ásamt Jóhanni Jóhannssyni, sem einnig starfar við sjódeild VÍS, vorum svo komnir hingað niður á skrifstofu í Ármúlanum skömmu eftir að við fengum tilkynninguna. Vel hafði gengið að bjarga áhöfninni og var það fyrir öllu.“

□ Það er Pétur Már Jónsson, framkvæmdastjóri atvinnuþrygginga hjá VÍS, sem hefur orðið. Hann situr á skrifstofu sinni ásamt Friðriki Ólafssyni, verkfræðingi og sérfræðingi í eignatryggingum hjá VÍS. Þessir menn, ásamt þeim Agnari og Jóhanni, unnu að því að koma Núpi af strandstað á vegum VÍS. Pétur Már stýrði aðgerðum í höfuðstöðvum VÍS í Reykjavík, en Friðrik vann á staðnum með heimamönnum, björgunarsveitum, starfsmönnum Odda, útgerðar skipsins. Þeir hafa fallist á að rifja upp aðgerðina fyrir okkur, sem í alla staði tókst vel.

URÐUM AÐ FJARLÆGA SKIPIÐ AF STRANDSTAÐ

□ Pétur heldur áfram: „Þegar ljóst var að giftusamlega hafði tekist að bjarga áhöfn var strax farið í að afla frumupplýsinga um ástand skipsins og aðstæður á strandstað. Markmið okkar var strax í upphafi að reyna að koma í veg fyrir frekari skemmdir eftir því sem í mannlegu valdi var. Í fyrstu var okkur ekki ljóst hversu miklar þær voru en við þurftum að hafa í huga váttryggingaverðmæti

skipsins annars vegar og hugsanlegan kostnað við viðgerð þess hins vegar. Í huga okkar var þó ljóst að miðað við hvar skipið strandaði þá yrðum við að fjarlægja það af strandstað. Við fengum þó fljótlega upplýsingar sem gáfu okkur til kynna að það svaraði kostnaði að gera við skipið. Við fengum einnig að vita að það gaf töluvert á skipið á staðnum og samkvæmt fyrstu upplýsingum lá Núpur í sandfjöru. Fljótlega kom í ljós að svo var ekki. Skipið lá um 7 metra inni á klapparsyllu sem er um 50 metra breidd út frá landi og er á þurru á fjöru. Fyrir utan sylluna var 30 metra dýpi. Skipið lá þversum í fjörunni þvert á vindinn og slóst til.

□ Við ákváðum mjög fljótlega að senda Friðrik vestur, enda hefur hann reynslu af sambærilegum verkum. Friðrik fór af stað akandi um eittleytið. Vegna veðurs var ófært flugleiðis og meira að segja erfitt að fara landveginn því víða höfðu

fallið skriður á veginn á Barðaströnd vegna mikillar úrkomu um nóttina. Á meðan Friðrik var á leiðinni fórum við, hér í höfuðstöðvunum í samráði við Halldór Leifsson útgerðarstjóra Odda, að athuga hvað væri til af vinnuvélum á svæðinu eða í nágrenninu. Við komumst að því að Norðurtak vann að vegaframkvæmdum á Kleifaheiði. Við ákváðum að reyna að fá tæki þaðan. Það þurfti m.a. að fá flutningabíl frá Ísafirði til að flytja tækin til Patreksfjarðar.“

SETTUMST Á RÖKSTÓLA

□ Friðrik tekur nú við: „Þegar ég kom til Patreksfjarðar um sjöleytið um kvöldið voru tækin líka að koma af fjalli. Þá var farið að bríma aftur. Ég fór beint niður í Odda, fyrirtækið sem á Núp. Þar var fyrir framkvæmdastjórinn Sigurður Viggósson. Stjórnstöð björgunarsveitarinnar hafði verið sett upp þar. Við stjórnvöllinn í stjórnstöðinni var Jón Þórðarsson gamalreynndur skipstjóri. Settumst við nú á rökstóla til að meta aðstæður, veðurhorfur og fleira, á meðan menn voru sendir um borð að skoða ástand skips. Strax kom í ljós að sjór var í vélarrými, lest og fremri lúkar. Okkar fyrsta mat var að miðað við veðurspá höfðum við 48 tíma til að koma skipinu á flot. Til þess að svo mætti vera þurfti að koma bátum nær landi, til að lengja viðveru manna um borð, draga úr hættu vegna brimróts og hættu á að skipið færi fram af sylubrun. Því var farið í að setja bönd í skipið til færslu þess, láta gröfu hreinsa nibbur og stórgryti í fjörunni og stilla tækjum síðan upp til dráttar þegar sjór félli að.

□ Þetta tókst og var búið að snúa skipinu hálfhring með stefnið í átt að landi milli klukkan 6 og 7 morguninn eftir, en þyngd skipsins átti að vera 300 tonn. Tækin sem við höfðum voru tvær 45 tonna beltagröfur, ein 40 tonna jarðýta og ein lítil ýta.

□ Um níuleytið um morguninn var farið í að ryðja til í fjörunni með vinnuvélunum og garður mokaður upp út að skipinu. Einnig var lagt á ráðin með heimamönnum um hvernig staðið yrði að framhaldsaðgerðum. Við skiptum aðgerðum í þrennt. Fyrsta viðfangsefnið var að snúa skipinu til að tryggja að það skemmdist ekki meira og auðvelda aðgang. Síðan lá fyrir að þetta skipið til að gera það klárt til fleytingar. Endahnúturinn yrði svo að fleyta skipinu af strandstað.

□ Undirbúningur að þéttingunni var talsvert mikil aðgerð. Hreinsa þurfti fisk og kör úr lest, brjóta steypu og losa ýmsa hluti í vélarrými til að komast að skipsskel. Ýmis konar tæki og mannskap þurfti. Við fengum Barða í Loga, kafarana Árna Kópsson úr Reykjavík og Ásgeir Einarsson og þeirra menn, auk Guðmundar Svavarssonar frá Könnun til liðs við okkur. Vinnan í skipinu þurfti að vera þaulskipulögð því við höfðum bara um tvo tíma til að athafna okkur á fjöru. Mestu skemmdirnar voru neðst á stjórnborðshlið, en það var einmitt sú hlið sem hafði snúið að landi og rekist í botn og sylubrunn við strand.

□ Það var talsverð vinna við að reyna að þetta skipið. Þá kom sér vel að hafa Smára Gestsson vélstjóra til stjórnunar, sem gerþekkti skipið og eiginleika þess. Til þéttingar voru notaðir tréflýgar, stálplötur og steypa þar sem erfiðast var að komast að. Opnaðir voru olíugeymar og settir á þá lokar. Þannig höfðum við möguleika á að dæla lofti í þá.

□ Verkefni okkar á fjöru brutum við niður á eftirfarandi hátt: Á fyrstu fjöru hreinsuðum við skipið. Á annarri fjöru brutum við okkur leið til þess að komast að verstu skemmdunum. Á þriðju fjöru fundum við hvaða tæki og efni þyrfti til að þetta skipið. Á fjórðu og síðustu fjöru, sem við áætluðum að við hefðum

áður en veðrið versnaði, ætluðum við að klára þéttingu. Þessi aðgerð var næstum samfelld frá því á laugardagskvöld þar til á þriðjudagskvöld klukkan 19:00. Passað var að haga þéttingu þannig að skipið færi ekki á flot fyrir fleytingu, en útbúin höfðu verið stög í land svo hægt væri að halda í skipið ef það gerðist.

ALLIR LÖGÐUST Á EITT

□ Þegar allt var klárt á þriðjudagskvöld kveiktum við svo á dælunum. Það kom í ljós að þær höfðu mjög vel við. Núpur flaut og það kom strax fullur strekkur á alla spotta í land. Næsta skref var að láta varðskipið toga skipið út. Ægir þurfti bara rétt að toga, enda flaut Núpur þegar þarna var komið sögu. Skipið skaut út um leið og við leystum landfestar. Við það kom mikill slinkur á skipið og slökknði á ljósavél þess. Mönnnum brá, enda héldum við að það þýddi að dæluvarn væru úr sambandi og við værum komnir í vanda, en tvær ljósavélar voru um borð. Sem betur fer hafði sé sem gaf rafmagn í ljósin vakt. En sú sem gaf dæluvarn rafmagn hélt í gangi. Ægir dró svo Núp í átt að hafnarmynninu. Þar tóku Vestri BA og Brimnes BA við og fóru með skipið upp að bryggjunni,” segir Friðrik.

□ „Þegar ég líft til baka, þá stendur það upp úr, að þetta hefði aldrei gengið svona vel nema vegna þess að heimamenn; björgunarsveit, starfsmenn Odda, lögregluvirkvöld, starfsmenn VÍS í bænum og aðrir sem að verkinu komu, lögðust allir á eitt. Ekki má gleyma einum mikilvægum þætti, en það er samskiptaþættinum út á við. Sigurður Viggósson sá um hann, þannig að áhöfn sem átti í vanda eftir strandið hefði frið og fleytingarmenn gátu einbeitt sér að koma skipinu af strandstað. „Þetta verkefni í heild var svona 100 tíma vakt.“ Að lokum viljum við VÍS-menn færa öllum, sem komu að þessu með okkur bestu þakkir.

Hafðu samband við atvinnuþryggingar VÍS í síma 560 5060



Í.E. tryggir hjá VÍS

Íslensk erfðagreining ehf. flutti í lok janúar í nýtt og glæsilegt húsnæði að Sturlugötu 8. Við hjá VÍS erum stolt af því að váttryggja rekstur og starfsfólk Íslenskrar erfðagreiningar, þar með talið hið nýja húsnæði fyrirtækisins. Þegar starfsemi Í.E. var flutt í Vatnsmýrina þurfti að flytja mikil verðmæti og viðkvæm tæki og búnað. VÍS tók að sér að váttryggja búnaðinn við flutningana.

Af hálfu Í.E. var ákaflega vel og skipulega að öllu staði við flutninginn. M.a. voru fengnir til landsins sérfræðingar frá framleiðendum verðmætari tækjanna til að hafa umsjón með frágangi og flutningi þeirra. Við óskum Íslenskri erfðagreiningu og starfsfólki fyrirtækisins til hamingju með glæsilegan vinnustað og óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Pétur Már Jónsson framkvæmdastjóri atvinnuþrygginga hjá VÍS í höfuðstöðvum Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Ósjálfrátt ábyrgari með aldrinum

Sigmundur Ernr Rúnarsson, ritstjóri

„Já ég hef alltaf verið, að því er ég tel, vel tryggður og passað mitt,” segir Sigmundur Ernr Rúnarsson, ritstjóri þegar hann er spurður hvort hann sé meðvitaður um tryggingar. „Ekki svo að skilja að ég hafi verið mikill eignamaður í gengum tíðina en ég tel að það sé mjög brýnt að fólk tryggi sig fyrir því sem kann að koma fyrir það. Það færir fólk ákveðna ró og lífsöryggi.”

■ Er þetta eitthvað meðfætt?
 „Ég hef reyndar þá trú að maður verði ósjálfrátt ábyrgari eftir því sem árin færast yfir. Ég hef tekið eftir því í mínu fari og annarra að eftir því sem börnunum fjölga verður fólk ragara, hræddara um líf sitt og vill hafa hlutina á hreinu. Margir vinir mínir hafa staðfest þetta. Þeir hafa orðið flughræddari og lofthæddari eftir því sem árin hafa liðið. Það er alveg rökrétt að hafa varann á. Ég þekki það úr mínu starfi að allt getur gerst í þessu lífi. Afleiðingar slysa, elds og annars slíks eru ævarandi mar á þeim sem það lífa. Ég hef tekið viðtöl við fjölda fólks sem hefur lent í hrakningum. Fólk sem hefur misst sitt í eldsvoða finnst það hafa

misst stóran hluta af sjálfu sér. Ég held að ég yrði síðasti maður til að rennga það. Ég veit að heimilið er svo stór og sterkur partur af lífi manns að ef það fer er maður kannski bara hálfur maður á eftir.”

■ Hefur eitthvað reynt á tryggingar hjá þér?

„Nei, blessunarlega ekki. Ég hef verið gæfumaður í þeim efnunum og hvorki lent í óhöppum í umferðinni né orðið fyrir einhverjum skaða heima fyrir af völdum elds, vatns eða þjófna. En sú ískyggilega tölfraði sem stærðfræðingum er einum lagin segir manni að það styttest þá bara í það.

Svo er náttúrulega eitt sem ég líft á sem höfuðatriði trygginga. Þegar maður er búinn að koma sér upp heimili og stórum hópi barna er maður jafnframt búinn að koma sér upp svo miklum skuldbindingum að maður verður að tryggja sig fyrir áföllum. Venjulegt ótryggt heimili ræður ekki við áföll. Það er gríðarlegur ábyrgðarhluti að taka áhættu í þessum efnunum. Í reynd svo mikil fjöldirfska að manni ætti ekki að leyfast að reka heimili án þess að vera vel tryggður.”



■ Sigmundur Ernr með fjölskyldunni: „Venjulegt ótryggt heimili ræður ekki við áföll. Það er gríðarlegur ábyrgðarhluti að taka áhættu í þessum efnunum. Í reynd svo mikil fjöldirfska að manni ætti ekki að leyfast að reka heimili án þess að vera vel tryggður.”

■ Hverjir eru fjölskylduhagir þínir?

„Kona mín, Elín Sveinsdóttir, er útsendingarstjóri á Stöð 2 og í rúmlega 100 prósent vinnu eins og flestar konur á landinu. Við erum með fjögur börn heima. Tvær stelpur 17 og 12 ára og tvo stráka 10 og 6 ára. Sú elsta er fötluð sem setur

svoltið strík í heimilisreikninginn. Svo á ég líka 15 ára strák sem er mikið heima hjá mér. Á góðum degi erum við því sjö við kvöldmatarborðið. Það er ærin starfi að koma mat ofan í allan þennan hóp svo maður tali nú ekki um að ganga frá eftir þetta.”

■ Hvernig ert þú tryggður?

„Ég hef alltaf skipt við VÍS og er með allar þær tryggingar sem þar eru í boði. Ég hef gert þetta af þeirri einföldu ástæðu að ég er ánægður með þá þjónustu sem þar er boðið upp á. Ég er vissulega að borga talsvert fyrir það á ári - en ég er rólegur á meðan.”



Lífis - tryggingar á yfir 100 þjónustustöðum

■ Í næsta Landsbanka eða skrifstofu VÍS getur þú nú hitt tryggingaráðgjafa og gengið frá tryggingamálum þínum. Þér stendur til boða hefðbundin líftrygging, sjúkdómtrygging, og/eða söfnunarlíftrygging - sem sam-einar reglbundinn sparnað og líftryggingu. Það er stutt í eitthvert hinna rúmlega 50 útibúa Landsbankans eða 60 afgreiðslustaða VÍS um land allt þar sem tryggingaráðgjafi Lífis fer yfir með þér hvernig þú færir þér og þínum tryggari framtíð. Hikaðu ekki við að hafa hlutina í lagi. Nánari upplýsingar um Lífis tryggingar í síma 560 5000 eða á www.lifis.is.

■ Trygguðu fjárhagslegt öryggi þitt og þinna nánustu.
 „Lífis sjúkdómtrygging er góð trygging, sérstaklega fyrir ungt fólk sem er með fjárhagsskuldbindingar,” segir Ásgeir Baldurs markaðs- stjóri VÍS. „Ef fólk verður fyrir því áfalli að greinast með alvarlegan sjúkdóm þá getur það haft margvíslegar afleiðingar. Ekki einungis á heilsufar og lífslíkur fólks heldur einnig á fjárhagsstöðu þess. Í mörgum tilfellum verður fólk talsvert lengi frá vinnu og það getur tekið tíma að ná upp fullri starfsorku. Því mælum við með því við okkar við-

skiptavini að þeir skoði vandlega hvort þeir hafi ekki þörf fyrir sjúkdómtryggingu segir Ásgeir Baldurs markaðs- stjóri VÍS. „Fjölmargir viðskiptavinir VÍS hafa fengið ráðgjöf okkar og eru því betur tryggðir fyrir vikið. Lífis sjúkdómtrygging tryggir þér bætur ef þú greinist með alvarlegan sjúkdóm.
 □ Þú ákveður váttryggingarfjárhæðina sjálfur, líkt og í líftryggingu, og færð hana greidda út í einu lagi ef þú greinist með einhvern þeirra þeirra alvarlegu sjúkdóma sem tryggingin nær til eða ferð í aðgerð þeirra vegna.
 Börn frá tveggja mánaða aldri til 18 ára aldurs eru sjálfkrafa tryggð í tryggingu foreldris.”

Leikskólar - rýmingaræfing

■ Ljósín slökkna, kennarar þreifa sig um í niðamyрки, eldur er laus á leikskóla og það þarf að bjarga börnunum.
 □ Sem betur fer var þetta æfing svo að það kom ekki að sök að viðvistar- skráin var ekki á sínum stað, að einhverjir neyðarlampar virkuðu ekki og að illa gekk að opna dýrnar vegna hrúgu af leikföngum sem lá við hurðina.
 □ Æfingin er hluti af tveggja tíma námskeiði sem VÍS býður þeim leikskólum upp á sem tryggðir eru hjá félaginu. Það fer fram eftir lokun leikskólans og í barna stað er notast við púða og koddna. Þar er farið yfir

helstu atriði sem valda brunahættu á leikskólum og slökkvibúnaður kynntur. Rafmagnið er tekið af og í myrkriinu eða við skin neyðarlampa fylgja leikskólakennarar neyðaráætlun og safna saman „börnum”. Tíminn, sem tekur að tæma húsnæðið, er mældur.
 □ Eftir æfinguna er sest niður og farið yfir alla þætti hennar. Hvað þarf að bæta til þess að brunavarnir teljist fullnægjandi. Íðulega kemur eitt og annað í ljós: Yfirfara þarf slökkvitæki, sum útgönguljós virka ekki og vasaljós vantar á deildir, eldvarnarteppi og gæta þarf að aðgengi að slökkvitæki.



REGLULEGAR BRUNAÆFINGAR
 □ „Þetta var heilmikið fát og fum,” segir Unnur Stefánsdóttir, leikskóla- stjóri Urðarhóls. Urðarhóll er heilsuleikskóli í Kópavogi sem er rekin á þremur stöðum í bænum. „Við höldum svona æfingu í öllum þremur húsunum og það gekk misvel eftir

aðstæðum. Við skráðum hjá okkur hnökrana og vonum að betur gangi næst.” Unnur segir að henni hafi komið á óvart hversu góða lýsingu neyðarljósín frá VÍS gáfu. „Það var varla hægt að segja að við höfum verið í myrkri.”
 □ Í heilsuleikskólanum Urðarhóli eru

150 börn í þremur húsum. Eldvarnar- námskeið og æfing voru haldin í öllum þremur húsum leikskólans og var Unnur ánægð með árangurinn. „Vonandi verður þetta árlegur við- burður. Við lærum mikið af þessu þó að vonandi þurfum við aldrei að nota það,” sagði Unnur að lokum.

FORVARNASTARF VÍS
 1994 Forvarnastarf hefst. VÍS ræður forvarnaulltrúa og er þetta í fyrsta sinn sem einstaklingur er ráðinn hjá tryggingafélagi hérlendis til að sinna forvörnum eingöngu.

1994 Bílstólar VÍS kynntir. Þeir voru fyrst leigðir viðskiptavinum VÍS en fljótlega boðnir öllum.

1995 Fyrstu umferðarfundirnir haldnir. Hringferð um landið, fundir með ungu fólki, 17-25, ára í samstarfi við íþróttafélög og síðar við aðra aðila.

1995 Umferðar- og hjólfreiðadagar yngri barna hefjast um allt land.

1995 Auglýsingaherferðinni „Lifðu lífinu - aktu hægar” hrint af stökunum. Átaki sem sérstaklega var beint að ungu fólki í umferðinni.

Þjónustustaðir VÍS eru á 60 stöðum víðsvegar um landið
 1995 Fyrsta tölublað tímaritsins Stanz kemur út. Blaðinu er dreift á umferðarfundum VÍS.

Hvers virði er innbúið?

Jóna Hrönn Bolladóttir, miðborgarprestur

■ Við alvarlegan húsburnu eða önnur altjón, kemur oft í ljós að fólk hefur vanmetið innbú sitt. Þannig eru fjölmörg dæmi um að fólk verði fyrir verulegu tjóni vegna þess að innbúið er vantryggt um milljónir. Litla fjölskyldan stækkar hratt og líklegt er því að margir, ekki síst fólk sem búið hefur á sama staðnum lengi, geri sér litla grein fyrir því hvers virði innbú þess er í raun og veru.

■ VÍS FRÉTTUM lék forvitni á að vita hvernig fólk metur eigur sínar og fékk Jónu Hrönn Bolladóttur, miðborgarprest, til að meta innbú sitt - en Jóna Hrönn er í 12 sæti R listans til borgarstjórnarkosninganna í vor. Hún er gift Bjarna Karlssyni, sóknarpresti í Laugarnessókn og eiga þau fimmtán ára búskap að baki. Í kjölfarið mat Einar Freyr Magnússon, tjónaskoðunarmaður VÍS, innbú Jónu Hrannar og komst að allt annarri niðurstöðu en hún.

□ „Ég hugsa að málverk, antikmunir, húsgögn og bækur í stofunni séu samtals um tveggja milljóna króna virði. Ég á fullt af málverkum og einhver þeirra eru verðmæt,“ sagði Jóna Hrönn en meðal þeirra eru málverk eftir Hring Jóhannesson og Gústav Geir Bollason, bróður hennar. Hún taldi að aðrir hlutir sem tilheyra fjöldkyldunni, eins og föt, rúm, skrifborð, skartgripir og annað væri metið á 2,2 milljónir. „Við eigum auðvitað ýmsa hluti eftir 15 ára búskap sem mér þykir mjög vænt um,“ sagði hún en bætti við að ekkert sé þess virði að fórn sé fyrir það. „Alla vega ekkert sem ég myndi láta fingurna fyrir,“ sagði miðbæjarpresturinn að lokum.

□ Jóna Hrönn mat innbú sitt á 4,2 milljónir króna. Einar Freyr Magnússon, tjónaskoðunarmaður VÍS, mat innbú Jónu Hrannar hins vegar á kr. 7.120.000.



■ Jóna Hrönn Bolladóttir: „Ég hugsa að málverk, antikmunir, húsgögn og bækur í stofunni séu samtals um tveggja milljóna króna virði.“

■ VÍS hefur gefið út bækling sem ber yfirskriftina „Veist þú hvers virði innbúið þitt er?“ Þar er m.a. tafla sem

sýnir til viðmiðunar verðmæti innbús miðað við stærð húsnæðis og fjölda í heimili.

Fermetrar	1-2 í heimili	3-4 í heimili	5+ í heimili
60-100	4.000.000	5.000.000	6.000.000
100-150	5.000.000	6.500.000	7.000.000
150-200	6.500.000	7.500.000	8.000.000
200+	8.000.000	10.000.000	12.000.000

Láttu tryggingaráðgjafa VÍS fara yfir tryggingarnar þínar - eitt símtal í 560 5000

Það er nauðsynlegt að hafa tryggingamál sín á hreinu og starfsfólk VÍS kappkostar að veita faglega tryggingaráðgjöf. Hvort sem þú ert viðskiptavinur VÍS eða ekki þá getur þú haft samband við þjónustuver VÍS, sent okkur tölvupóst á upplýsingar@vis.is eða heimsótt næstu þjónustuskrifstofu VÍS. Við tökum vel á móti þér og hjálpum þér að velja örugga og hagkvæma tryggingavernd fyrir þig og þína. Það er auðvelt að vera í sambandi við VÍS.

- Þjónustuver VÍS 560 5000
- www.vis.is, þjónustuvefur VÍS
- upplýsingar@vis.is, fyrirspurnir til þjónustufulltrúa
- 60 þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið
- Símaþjónustuver opið frá kl. 8:00-19:00
- Þjónustuskrifstofa í Smáralind sem einnig er opin um helgar

Innbrot á Íslandi

Jón Trausti Guðjónsson, tjónadeild VÍS

Góð ráð frá Jóni Trausta:

Er örugglega læst hjá þér? Eru gluggarnir örugglega lokaðir?

„Innbrotspjófur virðast hafa orðið meiri fagmenn með árunum.“

„... búast má við að brotist sé inn á eitt íslenskt heimili á degi hverjum allt árið um kring.“

■ Á undanförunum árum hefur innbrotum í híbýli fólks fjölgað samanborið við innbrot í fyrirtæki og stofnanir. Ástæðan er án efa sú að innbrotspjófarnir eiga greiðari aðgang að heimilum fólks en í fyrirtækin sem hafa í auknum mæli sett upp þjófavarnarkerfi og / fengið sérhæfð öryggisþjónustufyrirtæki til að hafa eftirlit með eignum sínum. Sé miðað við tölur yfir innbrot sem tilkynnt hafa verið til VÍS síðustu sex árin má búast við að brotist sé inn á eitt íslenskt heimili á degi hverjum allt árið um kring.

INNBROTSPJÓFAR ERU SKIPULAGÐARI EN ÁÐUR

■ Jón Trausti Guðjónsson starfar hjá tjónadeild VÍS og hefur víðtæka og langa reynslu af tjónaskoðun, m.a. tjónum af völdum innbrotspjófa. Hann var fyrst spurður hvort hann merkti einhverjar breytingar á iðju þessara ógæfusömu einstaklinga í árunum sínum.

□ „Innbrotspjófur virðast hafa orðið meiri „fagmenn“ með árunum, ef svo má að orði komast. Áður voru menn gjarnan ölváðir að verki í skjóli myrkurs, en á því hefur orðið breyting. Nú virðast menn skipulagðari í öllum aðgerðum sínum og ganga hreina til verks í því að sækja verðmæti. Einnig

er orðið talsvert algengt að innbrotspjófur brjótist inn í híbýli fólks á daginn enda minnstar líkur á að rekast á einhvern á þeim tíma dagsins.“

□ Jón Trausti talar jafnframt um að það sé mikið áfall fyrir fólk að koma að híbýlum sínum eftir innbrot. „Innbrotspjófur sem fara inn í mannláusar íbúðir gefa sér gjarnan rúman tíma til að fara í gegnum hverja hirslu íbúðarinnar í leit að verðmætum. Algengt er að öllu lauslegu úr íbúðinni hafi verið hrugað á gólfni og því miður gerist það að skemmdarstarfsemi er stunduð á híbýlum í ofanálag. Þá eru innbrot í sumarbústaði orðin mjög tíð og jafnvel dæmi um að óboðnir gestir hafi hreiðrað um sig í bústöðum fólks til lengri eða skemmri tíma.“

GÓSSÍÐ NOTAD SEM SKIPTIMYNT

■ En hvers konar verðmætum eru þjófarnir á höttunum eftir?

□ „Í mjög mörgum tilfellum eru menn að fjármagna fíkniefnaneyslu sína með innbrotum og þá leita þeir gjarnan eftir söluvænlegum varningi, t.d. ýmiss konar dýrum tækjabúnaði sem er algengur á heimilum og virðist vera ágæt skiptimynt í undirheimum borgarinnar. Mikilvægt er að freista ekki innbrotspjófa með því að hafa slík tæki sýnileg t.d. frá götu, slíkt getur aukið hættuna á innbroti.“



□ Jón Trausti segir innbrot í bíla hafa aukist hvað mest allra innbrota undanfarið ár. „Með innbrotum í bíla eru menn að sækjast eftir geislasiskum, útvarpstækjum og geislaspilurum. Þá er því miður alltof algengt að fólk skilji verðmæti eftir í bílnum en slíkt er afar varasamt og nánast ávisun á innbrot í bílinn.“

■ Hvað með mannlega þáttinn, er ekki fólk mjög skelkað þegar brotist hefur verið inn til þess?

□ „Það er auðvitað mikið áfall þegar óboðinn gestur fer inn á heimili fólks og stelur og rótar í persónulegum munum - enda beinlínis vegið að friðhelgi heimilisins með þessum hætti - fyrir utan þann skaða sem af slíku hlýst. Verst er þegar innbrotspjófarnir láta sér ekki nægja að stela - heldur fá einnig útrás fyrir skemmdarfékkni sína.“

■ Er algengt að það komi í ljós að fólk hafi metið innbú sitt of lágt þegar það verður fyrir altjóni eins og t. d. brunu eða vatnsskaða?

□ „Já, við verðum því miður oft vör við of lágt metið innbú - sérstaklega þegar tjón er mikið, t.d. í brunatjónum. Fjölskyldan stækkar og verðmæti innbúsins eykst með árunum og þá þarf aða endurmeta það. Starfsfólk VÍS hefur mikla reynslu af slíku mati og aðstoðar viðskiptavini sína við að endurmeta innbúið.“



HURDABÚNAÐUR

- Athugaðu skrárnar á útihurðinni: Standa lyklastykkinn meira en 1-2 mm út úr hlífinni? Ef svo er getur þjófurinn snúið lyklastykkid úr hurðinni með rörtöng eða skiptilykli. Eftir það er leiðin greið inn í íbúðina, nema að hespa eða keðja sé á hurðinni innanfrá.
- Hespur og keðjur innan á dyrum eru vel til þess fallnar að halda óboðnum gestum í burtu á meðan einhver er í íbúðinni.
- Sem betur fer hefur orðið vaxning hjá þeim sem framleiða og selja skrár og er nú orðið hægt að fá mjög vandaðar og sterkar skrár, en áður fyrr voru þessar skrár gjarnan of veigalittlar til að halda innbrotspjófum úti.

GLUGGAR

- Gluggar á jarðhæð og á öðrum hæðum sem auðveldlega er hægt að klífra upp í eiga að vera lokaðir á daginn.
- Stormjárn er ekki nægilegt eitt og sér, einnig þarf að hafa krækjur á gluggum.

ÞJÓFAVARNIR

- Nánast undantekning er að innbrotspjófur brjótist inn þar sem þjófavarnarkerfi eru. Þau má meðal annars skoða á www.vis.is.

Hafðu samband við VÍS í síma 560 5000 eða farðu á www.vis.is



2000 Átakið „Sýndu þroska, aktu eins og maður“ hefist. Það er til þriggja ára og beinist fyrst og fremst að ungu fólki.



2001 20.000 manns undirrita umferðarheit VÍS í þjóðarátaki VÍS yfir sumarmánuðin.



2001 Bílpróf á www.vis.is. 460 krossapurningar til að æfa sig fyrir bílpróf eða ríffa upp kunnáttuna.



2002 VÍS í umferð. Fræðsluhorn VÍS hefur göngu sína í morgunþætti Stöðvar 2 alla mánudaga.



2002 Samstarf við Popp Tívi um umferðarmál ungs fólks og BMW ökuþjálfun.

FRÁBÆR TILBOÐ Í ÖRYGGISVERSLUN VÍS TRYGGJA ÖRYGGI HEIMILISINS

Árið 2000 hóf VÍS rekstur Öryggisverslunar VÍS í samstarfi við Eldverk. Í versluninni gefst viðskiptavinum VÍS kostur á að kaupa nauðsynlegan forvarnabúnað á mjög hagstæðum kjörum og fá búnaðinn sendan heim að dyrum sér að kostnaðarlausu. Hægt er að kaupa vörurnar á

Netinu í vefverslun VÍS á www.vis.is eða hringja í þjónustuver VÍS 560 5000 og panta öryggisvörurnar. Fjöldmargir viðskiptavinir VÍS hafa notfært sér þjónustu Öryggisverslunar VÍS og aukið öryggi heimilisins eða vinnustaðarins á auðveldan og ódýran hátt. Samstarfsaðili

VÍS í Öryggisverslun VÍS er Öryggismiðstöð Íslands hf. sem nú rekur verslunina Eldverk í Borgartúni 31. Rekstur Öryggisverslunar VÍS er liður í forvarnarstarfi VÍS sem félagið leggur mikla áherslu á, því reynslan sýnir að forvarnir skila árangri og eru oft besta tryggingin.



Öryggiskerfi - heimagæsla - Tilboð 1

Þráðlaust öryggiskerfi fyrir heimili, tengt Öryggismiðstöð Íslands allan sólarhringinn. Grunnkerfið samanstendur af eftirfarandi búnaði:

- 1 stk. stjórnstöð
- 1 stk. hurðarprofi
- 1 stk. hreyfiskynjari
- 1 stk. fjarstýring
- 1 stk. reykskynjari, optískur
- 1 stk. vatnsskynjari.

Enginn stofnkostnaður. Enginn uppsetningar-kostnaður. Ókeypis ráðgjöf um uppsetningu frá sérfræðingum Öryggismiðstöðvar Íslands.

*Mánaðargjald 3.900 kr. Viðskiptavinir VÍS fá fyrstu tvo mánuðina gjaldfría.

Hægt er að fjölga skynjurum og bæta við t.d.: gæludýraskynjara, árásarhnappi, auka hreyfiskynjara, auka fjarstýringu, gasskynjara. Mánaðargjald fyrir hvern viðbótarskynjara er 320 kr. Heimagæsla með útkallsþjónustu er aðeins í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi og á Suðurnesjum. Með viðbótum hentar kerfið einnig fyrir sumarbústaði og skemmtibáta.

Nánari upplýsingar veitir Öryggismiðstöð Íslands í síma 533 2400.

Venjulegt verð 5.198 kr.
Sparnaður 1.298 kr.

Tilboðsverð 3.900 kr.*



Öryggispakki fyrir heimilið - Tilboð 2

Inniheldur öryggistæki sem eru nauðsynleg á hverju heimili, stórum sem smáum.

- 1 stk. léttvatnsslökkvitæki
- 1 stk. jónískur reykskynjari
- 1 stk. vatnsskynjari
- 1 stk. eldvarnarteppi. 90 x 90 cm

Að auki fá viðskiptavinir VÍS veglegan sjúkrapúða í kaupbæti.

Venjulegt verð 17.313 kr.
Sparnaður 6.598 kr.

Tilboðsverð 10.715 kr.



Skynjarapakki - Tilboð 3

- 1 stk. reykskynjari, jónískur
- 1 stk. vatnsskynjari

Venjulegt verð 2.615 kr.
Sparnaður 619 kr.

Tilboðsverð 1.996 kr.

FRÍ HEIMSENDING TIL ÞEIRRA SEM TRYGGJA HJÁ VÍS
TILBOÐIN GILDA TIL 1. JÚNÍ 2002

HRINGDU OG VIÐ SENDUM ÞÉR BÆKLING

ÖRYGGISVERSLUN VÍS
Pöntunarsími 560 5000 - opið alla virka daga frá kl. 8:00-19:00
Vefverslun VÍS: www.vis.is



þar sem tryggingar snúast um fólk

TAKTU ÞÁTT Í FERÐAGETRAUN VÍS

Svaraðu spurningunum á svareðlinum hér til hliðar og sendu til VÍS í Ármúla 3, 108 Reykjavík fyrir 25. apríl n.k.

Vinningur er utanlandsferð fyrir fjölskylduna í 2 vikur að verðmæti 265.000 kr.

Haft verður samband við vinningshafa símleiðis og nafn hans birt á vefsvæði VÍS. Vinnings skal vitja fyrir 7. apríl 2003.



FERÐAGETRAUN VÍS

■ Hver eru 3 algengustu tjón á heimilum?

■ Hvað hafa margir sótt umferðarfundi VÍS frá upphafi?

Sendu svareðilinn til VÍS í Ármúla 3, 108 Reykjavík fyrir 25. apríl n.k. Vinningsins verður að vitja fyrir 7. apríl 2003.

Nafn

Heimilisfang

Sími

Póstnr.

Ég óska eftir að tryggingafulltrúi hafi samband við mig.